

Upplýsinga- og tæknimennt 9. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

9

Lýsing

Megin viðfangsefnið eru að nemendur temji sér rétta fingrasetningu, auki leikni og hraða við vélritun, læri á ýmis forrit og vinni með margvíslega vefi (náms- og leikjavefi). Grunnatriði í forritun verða skoðuð og haldið áfram að vinna með Google umhverfið s.s. ritvinnslu, glærugerð og töflureikni.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópverkefni, einstaklingsvinna, kannanir, fræðslumyndir, efniskönnun og umræður.

Námsmat

Námsmatið er byggt á símati þar sem vinna í tímum og verkefnaskil er stór þáttur í einkunn nemenda.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.

- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.